



SUBFRAU Konurnar í norræna leikhópnum Subfrau verða með tvær sýningar á nýja sviði Borgarleikhússins.

Þær eru komnar aftur

Hvað gerist þegar konur hætta að vera kvenlegar og karlar hætta að vera karlmannlegir? Norræni leikhópurinn Subfrau lagðist í rannsóknir og sýnir afraksturinn í Borgarleikhúsinu.

Norræni leikhópurinn Subfrau er kominn aftur til landsins og verður með tvær sýningar á Nýja sviði Borgarleikhússins nú í vikunni. Leikhópurinn sýndi hér í fyrra dragsýninguna „This is not my body“ þar sem leikkonurnar fóru allar með karlhlutverk og fékk sýningin lofsamlega dóma hérlandis ekki síður en erlendis. Að þessu sinni mæta þær hingað með splunkunýja sýningu, „The Subfrau Acts“.

Átta norrænar leikkonur stofnuðu Subfrau árið 2001 eftir að hafa tekið þátt í dragnámskeiði í leiklistarskólanum í Helsinki. The Subfrau Acts er fjórða sýning hópsins og jafnframt sú fyrsta þar sem þær leika ekki eingöngu karlmenn. En þær sleppa þeim þó ekki alveg.

Þær höfðu samband við tvo

danshöfunda, finnska konu og rússneskan karlmann, og fengu þeim sama verkefnið í hendur.

„Við vildum gera sýningu sem fjallaði um það hvað það væri að vera kona og hvað það væri að vera karlmaður, og síðan hvað gerist þegar konur hætta að hegða sér kvenlega og þegar karlar hætta að hegða sér karlmannlega.“

Útkoman er sýning í tveimur hlutum, tveir sjálfstæðir leikþættir sem fátt eiga sameiginlegt nema verkefnið sem upphaflega var lagt af stað með.

Fyrri leikþátturinn, sem er eftir hina finnsku Arja Tiili, heitir „Stay with me“ og er hálfgerður kabarett að sögn Sonju.

„Hún skildi þetta verkefni sem svo að við vildum fjalla um sjálfskennd fólks. Hún telur að sjálfmyndin mótist þegar fólk verður kynþroska, því eftir kynþroskann fer maður að haga sér eins og kona eða karl, reyna að vera eldri en maður er og haga sér í samræmi við kynhlutverkin.“

Þær byrja þennan hluta í draghlutverkum en síðan fellur skeggjöld og buxur breytast í pils.

Seinni leikþátturinn, sem er eftir Rússann Sasha Pepelyaev, heitir „The Papier Maché“ og er gjörólíkur þeim fyrri.

„Það var afskaplega fróðlegt að vinna með honum. Hann sagðist ekki skilja neitt hvað við vorum að meina þegar við sögðumst vilja fjalla um kynhlutverk, en svo fór-um við að tala við hann og þá skildi hann þetta á sinn hátt.“

Pepelyaev er einn af fremstu danshöfundum Rússa og hefur jafnframt mikið unnið með leikurum.

„Hann lætur okkur allar klæðast fötum frá 19. öld, alls ekki karlmannsfötum. Hann skildi þetta sem svo að kvenleiki snúist um það að hafa stjórn á sér og sýna á sér góða framhlið. Honum fannst áhugavert að skoða hvað gerðist þegar þessi áásýnd hrynur og fólk missir stjórn á sér. Hann notar líka mikið svartan húmor, sem honum finnst mjög karlmannlegur.“

Ein íslensk leikkona, María Pálsdóttir, hefur starfað með leikhópnum en er ekki með í þessari sýningu vegna anna við önnur verkefni.

Þær hafa ferðast með þessa tvo leikþætti um öll Norðurlöndin og munu fara með verkið á ýmsar leiklistarháttföir í Evrópu nú í sumar.

„Í haust fer hver í sitt leikhús og þar munum við halda áfram vinnu okkar.“ ■